

Faglausn ehf., kt. 480306-2520, Glerárgata 20, 600 Akureyri (hér eftir „Faglausn“ eða „félagið“), og Sveitarfélagið Langanesbyggð, kt. 420369-1749, Fjarðarvegi 3, 680 Þórshöfn (hér eftir „sveitarfélagið“), gera með sér eftirfarandi:

Þjónustusamningur um hönnunar, verkfræði og ráðgjafarþjónustu á bygginga- og skipulagssviði fyrir sveitarfélagið Langanesbyggð

1. Almenn

- 1.1. Faglausn tekur að sér hönnunar, verkfræði og ráðgjafarþjónustu á byggingarsviði og ásamt byggingar- og viðhaldsþjónustu s.s. byggingareftirliti og byggingarstjórnun fyrir sveitarfélagið. Samningurinn nær aðallega til þjónustu í eftirfarandi liðum:
 - 1.1.1. Faglausn tekur að sér alla almenna hönnunar, verkfræði og ráðgjafarþjónustu og ráðgjöf sem sveitarfélagið kann að óska eftir.
 - 1.1.2. Faglausn tekur að sér að hafa umsjón með framkvæmdum á hvers kyns nýbyggingum eða viðhaldi, vegna húsnæðis í eigu sveitarfélagsins sem sveitarfélagið kann að óska eftir.
- 1.2. Fari sveitarfélagið þess á leit við Faglausn skal félagið tryggja að sveitarfélagið njóti forgangs þegar kemur að hönnunar, verkfræði og ráðgjafarþjónustu á byggingarsviði ásamt byggingar- og viðhaldsþjónustu s.s. byggingareftirliti og byggingarstjórnun, sem þarf að sinna án tafar.
- 1.3. Sveitarfélagið lýsir því yfir að þar sem sveitarfélagið þarf að leita eftir verkfræðiþjónustu þá muni sveitarfélagið leita fyrst til Faglausnar, sbr. þó 1.4 og 1.5 hér að aftan, og gefa Faglausn færi á að taka að sér að veita viðkomandi þjónustu áður en leitað er til annarrar verkfræðistofu eða annarra sambærilegra aðila.
- 1.4. Í tilteknum verkefnum getur sveitarfélagið leitað eftir þjónustu annarra aðila en Faglausnar sem starfa á sama sviði, einkum þar sem meiri sérfræðipækking er til staðar varðandi það tiltekna verk eða þann tiltekna verkþátt sem um ræðir, ellegar það henti betur af öðrum ástæðum að mati sveitarfélagsins.
- 1.5. Samningur þessi er háður þeim fyrirvara og skilyrðum sem kveðið er á um í lögum nr. 120/2016, svo sem varðandi viðmiðunarfjárhæðir og mögulega útboðsskyldu sveitarfélagsins vegna einstakra verkefna, sbr. 23. gr. laganna.

2. Almenn verkfræðiþjónusta og ráðgjöf

- 2.1. Faglausn lýsir því yfir að félagið muni veita sveitarfélaginu alla þá almennu hönnunar, verkfræði og ráðgjafarþjónustu á byggingarsviði ásamt byggingar- og viðhaldsþjónustu s.s. byggingareftirliti og byggingarstjórnun sem sveitarfélagið leitar eftir og Faglausn er mögulegt að veita.

3. Einstök verkefni

- 3.1. Sveitarfélagið mun leita til Faglausnar varðandi tiltekin verkefni og framkvæmdir sem tengjast húsnæði í eigu sveitarfélagsins, í samræmi við ákvæði 1. kafla samningsins, hvort sem um er að ræða byggingu, viðhald eða viðgerðir, hvort sem er í heild eða að hluta. Í því geta m.a. falist verk eða verkþættir varðandi hönnun, teikningar, útreikninga og kostnaðaráætlanir, aðstoð við að leita undirverktaka, gerð útboðs- og verklýsinga o.fl.
- 3.2. Aðilar skulu reyna eins og frekast er kostur að afmarka og skýra verkbeiðnir um slík nánar afmörkuð verkefni þegar í upphafi, m.t.t. til umfangs og kostnaðar, sé það mögulegt, auk þess sem tímaskráning Faglausna skuli vera þess eðlis að auðvelt verði að sjá hvað unnið er við hverju sinni. Í öllum samskiptum verði lagt kapp á gegnsæi og meðvitaðar ákvarðanir.

4. Þóknun og útlagður kostnaður

- 4.1. Þóknun vegna veittrar þjónustu:
 - 4.1.1. Varðandi einstök tiltekin verkefni skal tímaskráning vera grundvöllur að gjaldtöku Faglausnar fyrir og skulu tímaskýrslur fylgja reikningum, skráð undir tiltekið

- verkefni eða verkþátt fyrir sig Ekki skal krafist þóknunar vegna almennra funda eða símtala í tengslum við einstök tiltekin verkefni.
- 4.1.2. Unnið skal samkvæmt föstu tímagjaldi, hönnuðir kr. 20.934,-
og tækniteiknari kr. 16.856,-. Ath. að verð eru án vsk.
- 4.2. Útlagður kostnaður:
- 4.2.1. Í öllum tilvikum, hvort sem um er að ræða almenna ráðgjöf, verkfræðipjónustu eða tiltekin afmörkuð verkefni, ber sveitarfélaginu að greiða Faglausn útlagðan kostnað vegna viðkomandi mála, auk 10% álags.
- 4.2.2. Uppihalds, ferða og fæðiskostnaður sem greiða skal skv. verðskrá Faglausn.
Akstur og ferðatími, Húsavík Þórshöfn Húsavík m.v. 1 pers. Kr. 81.562,-
Akstur og ferðatími, Akureyri Þórshöfn Akureyri m.v. 1 pers. Kr. 119.624,-
Ef fleiri eru í bílnum greiðist 50% af umsömdu tímagjaldi sjá lið 4.1.2
Fæði per. máltíð kr. 2.719,-
Gisting per. persónu per. nótt kr. 12.506,-

5. Uppsögn samnings

- 5.1. Samningur þessi skal vera tímabundinn í upphafi og gilda í 24 mánuði. Aðilar skulu ræða endurnýjun samningsins a.m.k. mánuði áður en gildistími liður undir lok, þar sem reynslan af honum verður metin. Ef engar viðræður hafa farið fram þegar innan við mánuður er eftir af gildistíma framlengist samningurinn sjálfkrafa um 6 mánuði í senn.
- 5.2. Vanefni Faglausn eða sveitarfélagið samninginn verulega, enda sé ekki bætt úr vanefndinni að undangenginni skriflegri áskorun þar um, getur sá sem vanefnd beinist að rift samningnum án frekari fyrirvara. Riftun getur beinst að einstökum þáttum samningsins, enda taki vanefndin aðeins til afmarkaðra hluta hans.
- 5.3. Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skulu aðilar kappkosta að leysa sérhvern ágreining með samkomulagi og beina ágreiningi til gerðarmeðferðar sé nokkur kostur samkomulags þar um. Þó skal hvorum aðila heimilt að vísa ágreiningi til almennra dómstóla og mál vegna hans má ávallt reka fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

6. Trúnaður

- 6.1. Fyllsta trúnaðar er gætt um allar upplýsingar sem Faglausn eða starfsfólk á vegum Faglausnar kemst yfir í þjónustu sinni fyrir sveitarfélagið.

7. Gildistaka

- 7.1. Samningur þessi tekur gildi við undirritun.

Þórshöfn, 1. júní 2025.

f.h. Faglausnar ehf.

f.h. Sveitarfélagsins Langesbyggð

Vottar að fjárræði, réttri undirritun og dags.
